

Alþingi  
Frindi nr. Þ 135/1686  
Alþingi  
komuutgva 6.3.2008



Nefndarsvið Alþingis  
Umhverfisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

SHA/sha

05.03.2008

**Efni: Umsögn RARIK um tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð, þskj. 449 - 315. mál.**

RARIK fagnar hugmyndum um skipun nefndar sem móti stefnu um lagningu raflína. RARIK hefur langa og farsæla reynslu af uppbyggingu og rekstri dreifi- og flutningslína rafmagns, þar með talið lagningu jarðstrengja á 66 kV spennu og lægri. Því væri ekki óeðlilegt að RARIK ætti fulltrúa í umræddri nefnd.

Í almennri umsögn um tillöguna vísar RARIK til ályktunar aðalfundar Samorku frá 15. febrúar 2008. Í ályktuninni kemur meðal annars fram:

“Mikil umræða hefur farið fram um jarðstrengi og loftlínur til flutnings og dreifingar á raforku. Fyrir flutningsminni mannvirki er kostnaður strengja sambærilegur við loftlínur. Á undanförunum árum hafa orkufyrirtækin nýtt sér þetta við uppbyggingu og endurnýjun kerfanna og valið jarðstrengi í stað loftlína. Miðað við þessa þróun er líklegt að hlutfall strengja vaxi mjög í framtíðinni eftir því sem kostnaður vegna þeirra lækkar. Hins vegar er kostnaður við flutningsmeiri jarðstrengi ennþá mikill, jafnvel margfalt meiri en kostnaður við loftlínur, auk þess sem afhendingaröryggið er minna. Þá geta framkvæmdir við lagningu jarðstrengja kallað á mun meira jarðrask en framkvæmdir við loftlínur, sem að auki hafa að stóru leyti afturkræf umhverfisáhrif. Hvergi í heiminum hefur verið farið út á þá braut að leggja flutningskerfi alfarið í jörð, enda viðbúið að slík framkvæmd hefði í för með sér verulega hækkun raforkuverðs. Víða um land er hins vegar brýn þörf á eflingu flutningskerfisins og ljóst að efling kerfisins er forgangsatriði, umfram margfalt dýrari framkvæmdir við færslu á loftlínunum í jörð.”

RARIK gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við þessa tillögu.

Virðingarfyllst,

Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK